

**Ed.**

## **858. Nefndarálit**

um frv. til laga um húsmæðrafræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Um meðferð þessa máls í nefndinni má að mestu vísa til þess, sem segir allmennt í álti meiri hlutans um frv. um gagnfræðanám (30. mál).

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum þeim, sem neðri deild gerði á því, að undanskilinni breyt. á 5. gr. og 7. gr., og vísast í ástæður fyrir því einnig í nál. meiri hlutans um frv. um gagnfræðanám. (30. mál).

Þá ber nefndin fram tillögu til bráðabirgðaákvædis um two einkaskóla til húsmæðrafræðslu, sem ekki mun unnt að svo komnu að fella inn í húsmæðraskóla-kerfið, en notið hafa styrks úr ríkissjóði og telja má prýðilega vel rekna skóla og fullkomlega verðuga þess að njóta réttinda þessara laga um þann takmarkaða tíma, sem um ræðir í tillöggunni.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

### BREYTINGUM:

1. Við 5. gr.

- c-liður greinarinnar orðast svo: að láta fræðslumálastjórni í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara- og þrautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar.
- Á eftir c-lið kemur nýr liður, er verður d-liður og hljóðar svo (stafliðir breytast því samkvæmt):
  - að ráða kennara um stundarsakir, ef þörf krefur.

2. Við 7. gr. Síðasta málsgrein („Skólar þessir .... sveitarfélaga“) falli niður.

3. Við 22. gr. Á eftir greininni kemur ákvæði til bráðabirgða:

Ráðherra er heimilt að láta rétt til kennaralauna og rekstrarkostnaðar samkvæmt lögum þessum einnig ná til einkaskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði, meðan hann er rekinn sem einkaskóli, svo og til húsmæðraskólans að Löngumýri í Skagafirði, þar til er fyrirhugaður húsmæðraskóli í Varmahlið tekur til starfa.

Einn nefndarmanna (JJ) var ekki á fundi við endanlega afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Magnús Jónsson,  
form., frsm.

Eiríkur Einarsson,  
fundaskr.

H. Guðmundsson.

Ásmundur Sigurðsson.